

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 16. júlí 2008
Tilvísun: UST20080500043/ksj


Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002 - 2014 í landi Miðengis


Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu er barst Umhverfisstofnun þann 8.maí sl. þar sem óskað er umsagnar um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002 – 2014 í landi Miðengis. Í ofangreindri tillögu til breytingar á aðalskipulagi Grímsnes – og Grafningshrepps er verið að breyta landbúnaðarsvæði í íbúðabyggð. Um er að ræða 3 ha lands við Bústjórabraut í landi Miðengis.

Svæðið sem ofangreind skipulagsáætlun nær til liggur upp að svæði á náttúruminjaskrá. Í náttúruminjaskránni segir: „*Kerið og Tjarnarhólar, Grímsneshreppi, Árnassýslu. (1) Kerið og Tjarnarhólarnir ásamt hrauntröðum norðvestan og sunnan við hólana. (2) Kerið er formfagur gígur nyrst í gjallgígaröðinni, sem eru Tjarnarhólar. Fallegar hrauntraðir. Vinsæll áningarstaður í þjóðbraut.*“ Umhverfisstofnun leggur áherslu á að ekki verði farið með íbúðabyggð inn á svæði á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun minnir á að skv. 37. grein laga um náttúruvernd nr. 44/1999 skulu eldvörp, gervíggar og eldhraun njóta sérstakrar verndar. Mikilvægt er því, að við deiliskipulagningu svæðisins sé tekið tillit til slíkra jarðmyndana.

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir að öðru leyti við skipulagstillöguna.

Virðingarfyllt


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Kristín Linda Árnadóttir
Forstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun